

Nafn: .....

Tími í speglun:

..... kl: .....

Staðsetning speglunardeilda:

 Fossvogur deild A3 sími: 543 6231 Hringbraut deild 11D sími: 543 6150

Leitaðu upplýsinga í anddyri.

*Athygli skal vakin á því aðstarfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni aðeða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.*

*Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferðsjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.*

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
LYFLÆKNINGASVIÐ I  
FYRSTA ÚTGÁFA - OKTÓBER 2004  
ÖNNUR ÚTGÁFA - FEBRÚAR 2007

HÖFUNÐAR:  
HAFDÍS ARADÓTTIR OG ELÍN GUNNARSDÓTTIR,  
HIÚKRUNARFRÆÐINGAR

ÁBYRGÐ:  
HERDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN:  
KYNNINGARMÁL LSH/AV


LIÓSMYND:  
LIÓSMYNDAVEFUR MBLIS



5 690939 121911 &gt;

# Stutt ristilsspeglun

## Upplýsingarit



## Verið velkomin á speglunardeild

Hér fara á eftir upplýsingar um stutta ristilspeglun.

Við viljum hvetja þig að leita til hjúkrunarfræðinga eða lækna deildarinnar ef einhverjum spurningum er ósvarað eða eitthvað er óljóst.

Oft geta góðar upplýsingar dregið úr kvíða og gert rannsóknina þægilegri. Þú skalt því óhikað leita aðstoðar með fyrirspurnir sem þú kannt að hafa.

### Stutt ristilspeglun

Stutt ristilspeglun er rannsókn á neðri hluta meltingarveggar þ.e.a.s. skoðun á slímhúð ristilsins. Hægt er að skoða 45 - 55 cm inn eftir ristlinum.

Vinsamlegast láttu lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með viku fyrirvara ef þú tekur einhver lyf, t.d. járn, blóðþynningar lyf, bólgueyðandi lyf, verkjalyf með aspirín eða insulín.

Einnig er mjög mikilvægt að taka fram ef þú ert með þekkt lyfjaofnæmi eða sjúkdóm.

## Undirbúningur

Fyrir úthreinsun þarft þú að kaupa 2 túpur af klyx - innhellingu 120 ml. Kvöldið fyrir speglun tæmir þú úr fyrri túpunni í endaparminn og notar síðari túpuna að morgni speglunardags.

Þú þarft að reyna að halda innhellingunni í a.m.k. 5 mínútur. Hæðalosun verður fljótlega eftir innhellinguna.

### Hvernig fer speglunin fram

Þú liggur á vinstri hlið. Fyrst er endaparmur skoðaður og síðan er sveigjanlegt tæki þrætt upp ristilinn. Nota þarf loft til að auðvelda speglunina og getur það orsakað þrýstingstilfinningu sem yfirleitt er skammvinn.

Gott er að slaka vel á. Stundum þarf að taka sýni eða fjarlægja sepa og er það sársaukalaust.

Speglunin tekur um það bil 15 mínútur.

## Að speglun lokinni

Ef þú liggur á sjúkrahúsinu þá ferðu á deildina þína að lokinni speglun. Ef þú kemur að heiman máttu fara strax eftir viðtal við lækni.

Ef slímhúðarsepar hafa verið fjarlægðir úr ristlinum gætu komið fram fylgikvillar. Upplýsingar varðandi það færðu hjá viðkomandi lækni.

Niðurstöður speglunarinnar og frekari leiðbeiningar færðu hjá læknum áður en þú ferð af deildinni. Alltaf þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðum vefjasýna.

### Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.